

Fundur haldinn í fjarfundi 2. desember 2021 kl. 9:00.

Fundurinn var haldinn að ósk Hagsmunasamtaka fasteignaeigenda á Krossholtum (HFK) og fulltrúum Vesturbyggðar.

Mættir fyrir hönd HFK: Auður Hallgrímsdóttir, Þórður Sveinsson, Ólafur Baldursson og Rögnvaldur Johnsen

Mættir fyrir hönd Vesturbyggðar: Bæjarstjóri, forseti bæjarstjórnar, formaður skipulags- og umhverfisráðs og skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar.

Bæjarstjóri bauð fundarmenn velkomna og upplýsti í upphafi fundar að sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs hefði ekki komist á fundinn og því yrði mögulega að svara einhverjum spurningum sem kæmu upp á fundinum með skriflegum hætti. Þá lagði bæjarstjóri til að fundargerð fundarins yrði send öllum fundarmönnum til staðfestingar í tölvupósti. Var það samþykkt af öllum fundarmönnum.

Bæjarstjóri bauð því næst formanni stjórnar HFK að taka til máls og fara yfir þau atriði sem félagið vildi ræða.

1. Nýtingaleyfi hitaveitu – umsókn til Orkustofnunar

Rætt var um stöðu hitaveitunnar á Krossholtum og hver staðan væri á umsókn sveitarfélagsins. Bæjarstjóri fór yfir að tafir hefðu orðið á vinnu við umsóknina en hún væri komin til meðferðar hjá Orkustofnun. Félagið óskar eftir að þegar nýtingarleyfi liggur fyrir að Vesturbyggð sækir um styrk til Orkustofnunar um innviðaupbyggingu.

2. Beiðni félagsins um að framlag verði veitt til endurnýjunar vatnsinntaka í öll hús á Krossholtum og tímasetja verkáætlun.

Félagið leggur áherslu á að laga þarf vatnsinntök í þeim húsum þar sem vatnsinntök hafa ekki verið endurnýjuð. Í framhaldi af þarf að endurnýja lagnir í jörðu.

Vesturbyggð mun taka saman upplýsingar um endurnýjun vatnsinntaka sem framundan eru og senda stjórninni.

3. Beiðni félagsins um að framlag verði veitt til viðhalds og endurnýjunar á kaldavatns- og hitaveitulögnum á Krossholtum.

Félagið bendir á að vatnsþrýstingur inn í húsunum sé ekki í lagi. Stjórnin bendir einnig á að ekki hafi verið farið í að laga þrýsting í sumar eins og stóð til. Kaldavatnsbrunnurinn ekki ónýtur en vatnsagnir þaðan og að húsum ekki í lagi.

Vesturbyggð tekur saman upplýsingar um viðhald framundan og sendir stjórninni.

4. Klóakbrunnur

Félagið bendir á að yfirborðsvatn rennur í klóakbrunna, sem er ekki boðlegt. Óskar félagið eftir viðræðum sem fyrst við sveitarfélagið um lausn um á þeim málum er snúa að frárenslis og klóaki á Krossholtum.

5. Beiðni félagsins um að framlag verði veitt til malbikunar gatna á Krossholtum

Félagið gerir kröfu um malbikun á svæðinu, undirlag sé ónýtt og er bara leðja. Gatan við hliðið er erfið, og þar myndast djúpar holur. Krafa um að lagnir og fráveita og annað sé í lagi áður en til malbikunar kemur og því mikilvægt að það verði byrjað á þessum endurbótum sem fyrst.

6. Sláttur á lúpínu og samstarf um vorhreinsidaga

Félagið gerði átak í sumar og sló lúpínuna en það þarf frekari aðstoð sveitarfélagsins við að uppræta hana. Rætt var um að fá vinnuskólann í ýmis verkefni á Krossholtum, væri gott að fá hóp að vori og svo yfir sumarið. Hreinsun í kringum sundlaugina þyrfti að vera 1 – 2 á ári. Fasteignaeigendur tilbúnir að koma að slíkum verkefnum líka.

7. Endurskoðun á deiliskipulagi með hliðsjón af öryggi gesta og íbúa

Félagið leggur áherslu á öryggi gangandi vegfarendur yfir þjóðveginn. Taka umferðahraðann niður og bæta merkingar um gangandi vegfarendur. Skipulagsfulltrúi fór yfir nágildandi deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir stærra bílastæði við sundlaug. Fundarmenn sammála um að þrýsta á Vegagerðina um að grípa til aðgerða varðandi öryggi gangandi vegfarenda. Aðrein þarf að setja við þjóðveginn og inn á Krossholt og fækka þeim stöðum sem tengjast á þjóðveginn.

Vesturbyggð sendir áskorun þess efnis á Vegagerðina.

8. Göngubré yfir Móru

Vantar göngubré yfir ána. Rætt um göngubré og hvort væri unnt að fara sömu leið og farin var yfir Pennu.

Vesturbyggð sendir áskorun þess efnis á Vegagerðina.

9. Afrein af þjóðvegi og stækkað og merkt bílastæði við sundlaugina

Fækka vegslóðum þannig að ekki sé unnt að keyra út af þjóðveginum á 10 stöðum. Molnar mikið úr kantinum og vegöxlin að gefa sig á mörgum stöðum.

Vesturbyggð sendir áskorun þess efnis á Vegagerðina

10. Beiðni félagsins um að vegslóðum af þjóðveginum frá bænum Kross verði fækkað

Félagið leggur áherslu á að vegur að veiðihúsi sé samnýttur með vegi að bílastæði sundlaugar. Vesturbyggð sendir áskorun þess efnis á Vegagerðina

11. Árétta í deiliskipulagi umferð gangandi manna samkvæmt náttúruverndarlögum

Félagið lýsir yfir áhyggjum af aðgengi yfir girðingar í kringum ána Móru og mikilvægi þess að landeigandi virði helgunarsvæði árinna. Byggingamagn sé ekki rétt skráð á lóðinni Mórudal. Annað hús byggt 2015 og það ekki skráð. Þarf að uppfæra skráninguna þar.

Krafa um að Vesturbyggð taki á þessu, að landeigandi tryggi aðgengi gangandi vegfarendum. Félagið leggur áherslu á að tryggja þurfi aðengi gangandi vegfarenda að þjóðleiðinni sem liggur austan við Móru, í samræmi við aðalskipulag og ákvæði laga.

Rætt um lokun námunnar í landi Kross og eftirlit með lokun og frágangi hennar næsta vor. Félagið ítrekar að Vesturbyggð hafi eftirlit með að frágangur hennar væri í lagi.

Fundargerðin send í tölvupósti á alla fundarmenn og þeir staðfestu skriflega í tölvupósti hvort fundargerðin væri samþykkt.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:29.